

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

71. fundur.

að Hlíðavegi 6, 23. febrúar 2006, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. KeaHótel, Hlynur Jónsson mætir á fundinn.
3. Fundargerð bygginganefndar frá 10. feb.
4. Bréf frá Verkalýðsfélagi Hvk. frá 3. feb.
5. Breyting á aðalskipulagi.
6. Heilsugæslustöð, Friðfinnur Hermannsson mætir á fundinn.
7. Búfjárefirlit.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Ingigerður Arnljótsdóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 6 og 7 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

2. KeaHótel, Hlynur Jónsson mætir á fundinn.

Á fundinn mættu Hlynur Jónsson og Ívar Sigmundsson f.h. KeaHótela. Forsaga málsins er afgreiðsla sveitarstjórnar á frá 26. jan. s.l. þar sem hafnað var að verða við ósk KeaHótela um breytingar á sorphirðugjaldi. Oddviti upplýsti að sorphirðugjald ætti að innheimtast með fasteignagjöldum og ætti þar af leiðandi að greiðast af eiganda fasteignarinnar þ.e. Hótel Valhöll ehf. en

ekki af rekstraraðila KeaHótel, og sveitarstjórn væri ekki tilbúin að breyta fyrri ákvörðun sinni. Hins vegar verði reynt að koma til móts við óskir rekstraraðila og staðsetja ruslagám við hótelið yfir sumartímamann.

3. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. feb.

Liður 2 þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir landvarðaskála við Drekgil, 3 þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir stækkun á fjárhúsum á Grímsstöðum 4, 4 þar sem óskað er eftir leyfi fyrir nýjum inngangi á efri hæð íbúðarhússins í Reynihlíð, 9 og 12 þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar varðandi vínveitingaleyfi, eiga við um Skútustaðahrepp. Byggingarnefnd samþykki erindin og sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.

4. Bréf frá Verkalýðsfélagi Hvk. frá 3. feb.

Borist hefur bréf frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur þar sem óskað eftir upplýsingum um hvort Skútustaðahreppur ætli að nýta sér heimild Launanefndar sveitarfélaga og hækka lægstu laun starfsmanna út frá forsedum Launanefndar. Því er til að svara að Skútustaðahreppur mun hækka laun þeirra starfsmanna sem falla undir viðmiðunarreglur Launanefndar sveitarfélaga.

5. Breyting á aðalskipulagi.

Breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015. Fyrir fundinum liggur teikning af aðalskipulaginu dags. 25.01.2006, unnin af Per Christensen, Tækniþingi (vnr. 05.43.00.01). Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að afla heimildar Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna í samræmi við skipulagslög.

6. Heilsugæslustöð, Friðfinnur Hermannsson mætir á fundinn.

Á fundinn mættu Friðfinnur Hermannsson, Ásgeir Böðvarsson, Dagbjört Bjarnadóttir og Áslaug Halldórsdóttir frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Farið var yfir hin ýmsu mál, m.a. byggingu nýrrar heilsugæslustöðvar í Mývatnssveit og starfseminu í sumar.

7. Búfjáreftilit.

Böðvar upplýsti að samningi sem Skútustaðahreppur, Aðaldælahreppur og Þingeyjarsveit gerðu við BSSÞ um búfjáreftilit hefði verið sagt upp. Hann sagði jafnframt frá því að reyna ætti að ná samningum á ný, en ljóst væri að það hefði aukin kostnað í för með sér.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Jón Óskar Ferdinandsson,
Kristján Stefánsson,
Ingigerður Arnljótsdóttir,
Böðvar Pétusson.